

LÖG

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „57,50 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 66,15 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Í stað „167,20 kr.“ í 1. tölul. kemur: 213,51 kr.
- b. Í stað „1,97 kr.“ í 2. tölul. kemur: 2,52 kr.
- c. Í stað „5,98 kr.“ í 3. tölul. kemur: 7,64 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Í stað „210 kr.“ í 1. tölul. kemur: 268,20 kr.
- b. Í stað „10,50 kr.“ í 2. tölul. kemur: 13,40 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. nóvember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 26. nóvember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.